

26. grein – Fastaráð BÍS

16. grein - Ungmennaping



Lagt er til að eftirfarandi breytingar séu gerðar á **26. grein um Fastaráð BÍS** og **16. grein um Ungmennaping**

26. Fastaráð BÍS

Við leggjum til að hækka aldur í ungmennaráði upp í að einstaklingar séu að lágmarki 14 ára á því ári sem þingið er haldið. Án þess gæti fálkaskáta setið í ráðinu. Einnig leggjum við til að bætt verði við greinina að tvö í ráðinu skulu vera að lágmarki 16 ára á því ári sem þingið er haldið til að passa víðara aldursbil í ráðinu svo það þjóni fleiri ungmennum.

Núverandi grein:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrjú en að hámarki fimm í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið árlega á Ungmennapingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Ef fjöldi framboða er fleiri en fimm skal kjósa á milli þeirra en að öðrum kosti eru allir frambjóðendur sjálfkjörnir. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði Ungmennapings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi yngri en 26 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum 13-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram.

Láti einhver meðlimur fastaráðs af störfum eða ef um langvarandi fjarveru er að ræða á milli kosninga skal stjórn BÍS í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi. Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátaféлага, sveitarfóringja og flokksfóringja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta



Verður:

Á vegum stjórnar BÍS starfa ávallt fimm fastaráð: starfsráð, alþjóðaráð, útilífsráð, ungmennaráð og stjórn Skátaskólans.

Kosnir skulu að lágmarki þrír en að hámarki fimm í hvert fastaráð til tveggja ára. Ungmennaráð er kosið árlega á Ungmennapingi til eins árs. Að auki situr stjórnarmaður í ráðinu og getur eftir atvikum verið formaður þess. Ef fjöldi framboða er fleiri en fimm skal kjósa á milli þeirra en að öðrum kosti eru allir frambjóðendur sjálfkjörnir. Stjórn getur ákveðið að fleiri séu kjörnir í ákveðið fastaráð með auglýsingu með fundarboði Skátapings eða fundarboði Ungmennapings ef um er að ræða fjölgun meðlima ungmennaráðs.

Í hverju fastaráði BÍS skal vera að lágmarki einn fulltrúi yngri en 26 ára. Skátar sem bjóða sig fram í ungmennaráð skulu vera á aldrinum **14-25 ára á því ári sem þeir bjóða sig fram. Ásamt tveim einstaklingum á 16.-25. ári.**

Láti einhver meðlimur fastaráðs af störfum eða ef um langvarandi fjarveru er að ræða á milli kosninga skal stjórn BÍS í samráði við uppstillingarnefnd manna stöðuna fram að næsta aðalfundi.

Hlutverk fastaráðanna er eftirfarandi:

- Hlutverk starfsráðs er að styðja við og efla starf skátafélaganna í samráði við stjórnir skátafélaga, sveitarforingja og flokksforingja.
- Hlutverk alþjóðaráðs er að stuðla að því að BÍS fylgi stefnum og nýti sér stuðningsefni frá alþjóðasamtökum skáta, WOSM og WAGGGS, ásamt því að annast samskipti við erlend skátabandalög, kynningu á erlendu skátastarfi á Íslandi og íslensku skátastarfi erlendis.
- Hlutverk útilífsráðs er að hvetja til viðburða sem fela í sér útilíf og styðja við þá útilífsviðburði sem bæði skátafélög og BÍS standa fyrir.
- Hlutverk ungmennaráðs er að hvetja til og auka ungmennalýðræði innan stjórnkerfis hreyfingarinnar og stuðla að virkri þátttöku ungmenna við stefnumótun dagskrár hreyfingarinnar og eigin skátastarfs.
- Hlutverk stjórnar Skátaskólans er að stuðla að þjálfun með skipulagningu námskeiða, er taki mið af Grunnildum Bandalags íslenskra skáta

16. Ungmennaping

Til þess að laga villu í grein 16 sem kemur upp þegar breyting á grein 26 er gerð og kemur í veg fyrir misskilning.

Núverandi grein:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennapings. Til Ungmennapings skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennaping skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir



skátapíng ár hvert. Ungmennapíng er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennapíngi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátapíng ár hvert ásamt því að kjósa árlega fulltrúa í ungmennaráð og áheyrnarfulltrúa ungmenna í stjórn BÍS, sem mætir á stjórnarfundi, hlustar og er með málfrelsi. **Aðeins eru kjörgengir þeir skátar sem eru 25 ára eða yngri á því ári sem kosið er.**

Á Ungmennapíngi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennapíng skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennapíng er undanskilið því skilyrði að Ungmennapíng skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátapíng ár hvert.

Verður:

Ungmennaráð og stjórn BÍS skulu a.m.k. árlega boða til Ungmennapíngs. Til Ungmennapíngs skal boða með minnsta 6 vikna fyrirvara. Ungmennapíng skal haldið í síðasta lagi fimm vikum fyrir skátapíng ár hvert. Ungmennapíng er vettvangur fyrir skáta 25 ára og yngri til að koma saman og ræða málefni er varða þau sérstaklega. Á Ungmennapíngi geta ungmenni í skátunum t.d. komið sér saman um lagabreytingar og aðrar tillögur fyrir Skátapíng ár hvert ásamt því að kjósa árlega fulltrúa í ungmennaráð og áheyrnarfulltrúa ungmenna í stjórn BÍS, sem mætir á stjórnarfundi, hlustar og er með málfrelsi. **Aldur kjörgengra skáta er í samræmi við 26. grein.**

Á Ungmennapíngi mega framboð berast fram að kosningum.

Auka Ungmennapíng skal halda ef stjórn eða ungmennaráð telja það nauðsynlegt og skal boða til þess með minnst 15 daga fyrirvara. Auka Ungmennapíng er undanskilið því skilyrði að Ungmennapíng skal vera haldið minnst fimm vikum fyrir Skátapíng ár hvert.

Flutningsaðili:

Ungmennaráð.

